

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Austurbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarsjóður Austurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Austurbyggð og hreinsun rotþróa í Austurbyggð skv. gjaldskrá þessari og reglugerð um fráveitu í Austurbyggð.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimtaug	≤ 150 mm	40.000 kr.
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimtaug	> 150 mm	90.000 kr.

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

##### *Árgjald:*

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

	Stærð í lítrum	Árgjald kr.	Tæmingargjald kr.
Rotþró	0-2000	3.000	9.000
Rotþró	2.001-4.000	3.500	10.500
Rotþró	4.001-6.000	4.150	12.450

Gjald fyrir tæmingu rotþróa greiða þeir sem skrá sig til þátttöku í reglubundinni tæmingu á vegum sveitarfélagsins.

Gjalddagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

##### *Gjald fyrir sérstaka þjónustu:*

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6000 lítrar skal vera kr. 2.000 pr. m<sup>3</sup> fyrir hverja losun.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.000 á hverja losun.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi.

Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

5. gr.

Öll gjöld í samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 285,9 stig og reiknast á hverjum tíma samkvæmt gildandi vísitölu.

6. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Austurbyggðar 12. janúar 2006 og staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 317/2004.

*Fáskrúðsfirði, 24. janúar 2006.*

**Steinþór Pétursson**, sveitarstjóri Austurbyggðar.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2006